

Reglugerð um svæðisfulltrúa

1. Trúnaðarráð tekur ákvörðun um myndun eða fækkun/fjölgun Svæðisfulltrúa og hvar þeir skulu vera staðsettir.
2. Á félagssvæðinu skulu starfa að lágmarki 3 svæðisfulltrúar og 3 varamenn þeirra. Þeir eiga að vera staðsettir utan Akureyrar, að lágmarki 1 austan við Akureyri og 2 vestan við Akureyri.
3. Svæðisfulltrúi er í kjöri fyrir hönd síns svæðis í stjórn félagsins skv. ákvæðum 23. gr. laga þess. Varamaður svæðisfulltrúa tekur við störfum hans í stjórn félagsins ef svæðisfulltrúinn forfallast um lengri tíma af einhverjum orsökum. Varamaður svæðisfulltrúa er sjálfkjörinn í trúnaðarráð félagsins.
4. Svæðisfulltrúa og varamann hans skal kjósa til tveggja ára í senn á almennum félagsfundi á viðkomandi svæði/þéttbýlisstað. Sá fundur skal haldinn fyrir 1. mars og skal boðaður með a.m.k. viku fyrirvara og auglýstur á öllum helstu vinnustöðum félagsmanna á svæðinu. Fyrst skal kjósa svæðisfulltrúa og að því loknu varamann hans. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum í báðum tilvikum.
5. Verkefni svæðisfulltrúa eru:
 - a. Að boða að lágmarki til eins almenns fundar á hverju starfsári.
 - b. Að hafa frumkvæði að frekari fundarhöldum á staðnum ef þurfa þykir.
6. Almennir fundir skulu haldnir á viðkomandi svæði þegar minnst 10 fullgildir félagsmenn á svæðinu krefjast þess skriflega, enda sé fundarefni tilgreint af þeim er kröfuna gera.
7. Kostnaður af starfsemi svæðisfulltrúa greiðist úr félagssjóði, en allar fjárskuldbindingar verða, áður en til þeirra er stofnað, að hljóta samþykki félagsstjórnar.
8. Svæðisfulltrúi hefur eftirlit með að trúnaðarmenn séu kosnir eða skipaðir á vinnustöðum svæðisins.
9. Félagsstjórn getur falið svæðisfulltrúa að vinna ákveðin verkefni í sínu umboði.

Reglugerðin þannig samþykkt á aðalfundi Einingar-Iðju 17. apríl 2012